

10. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Vesturumdæminu um nokkur atriði er hann hafði spurt um sem konungsfulltrúi¹.

1854.

26. júní.

Þegar amtmaðurinn í Vesturumdæminu, sem konungsfulltrúi, skýrði frá því, er gjörðist á alþinginu, þegar amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu bannaði alþingismanninum úr Húnavatnssýslu að sitja á alþingi, og kosningu varaþingmannsins úr sömu sýslu síðan var hrundið af þingmönnum, leitaði hann með brjefi 28. apríl úrskurðar innanríkisstjórnarinnar um það:

1) hvort að álíta skal lækurinn í Húnavatnssýslu embættismann konungs, er eptir 37. grein alþingis-tilskipunarinnar þurfi leyfi til að taka á móti kosningu til alþingis, eða ekki; hvort amtmaðurinn hefur rjett til að banna honum alþingissetu, nema þegar sjerleg nauðsyn ber til, t. a. m. að landfarsótt er í sýslunni; og hvort það sje ekki nóg, þegar lækurinn getur fengið hjeraðslækurinn í Norðurumdæminu, sem Húnavatnssýsla liggur undir, til að gegna störfum sínum meðan hann er á alþingi.

2) hvernig kjörstjórar á Íslandi eiga að haga sjer, þegar annaðhvort alþingismaðurinn, sem kosinn er, eða varafulltrúinn, skorast undan að taka við kosningu á sjálfu kjörþinginu, þegar atkvæðagreiðslu er lokið, og auglýst er hverjir kosnir eru; hvort kjörstjórnir eiga, ef að allir kjósendur eru enn við staddir, að láta kjósa á ný, eða hvort slíta eigi kjörþinginu, þó að þingið viti, að ekki sje kosinn nema einn maður fyrir sýsluna um alla kosningartímann. Auk þessa hafði amtmaðurinn, eins og hann hafði lofað alþingi, borið það fram:

3) að stjórnin hlutaðist til þess á þann hátt, sem henni þætti haganlegast, að Húnavatnssýsla hefði fulltrúa á þeim tveimur þingum sem eptir eru af kosningartímanum.

Um hin 2 fyrri atriði vísar stjórnin til eptirrita af 2 brjefum til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, dagsettum 16. maí og 26. júní. Því sem amtmaðurinn í þriðja lagi hafði stungið upp á svaraði stjórnin: að hún gæti ekki tekizt á hendur að sjá fyrir því, að Húnavatnssýsla gæti verið viss um að fá þingmann til alþingis.

¹) Sbr. hið næsta brjef hjer á undan.